

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur, sbr. ósk Jóhönnu þar um í erfðaskrá, dags. 18. febrúar 1997 sem skráð var hjá lögbookandanum í Reykjavík, sama dag.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja endurhæfingu mænuskaddaðra svo sem nánar er kveðið á um í 5. gr. erfðaskrár Jóhönnu Erasmusdóttur, dags. 18. febrúar 1997 en þar segir:

„Tekjum sjóðsins skal varið til endurhæfingar mænuskaddaðra og er þar jafnt átt við þá sem þjást af meðfæddum mænusjúkdómum og þá sem þjást af áunnum mænusjúkdómum vegna slysa eða sjúkdóma. Tekjum sjóðsins skal aðeins varið til beinnar endurhæfingar mænuskaddaðra, s.s. til tækjakaupa eða til að skapa á annan hátt aðstöðu til endurhæfingar. Þetta þýðir að tekjum skal ekki verja til félagsstarfa, keppnisíþróttar, skrifstofuhalda o.fl. sem ekki snýr beint að endurhæfingunni sjálfri“.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er krónur 9.000.000 skrifað -nífumilljónir 00/100- og 100% eignarhluti íbúðar í húsinu nr. 12 við Asparfell í Reykjavík sem nánar tiltekið er 64,6 fm 2ja herb. íbúð á 7. hæð m.m., merkt F ásamt geymslu í kjallara merkt F-7 (0015) birt stærð 70,8 fm, auðkennisnúmer í þinglýsingabókum er M-0706 (heildarverðmæti íbúðarinnar skv. fasteignamati er krónur 4.041.000). Stofnféð er allt fengið úr dánarbúi Jóhönnu Erasmusdóttur skv. ákvörðun hennar þar um í erfðaskrá.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og er í vörslu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

6. gr.

Stjórn Minningarsjóðs Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur skal skipuð sömu aðilum og sitja í stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hverju sinni.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
- b) Gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
- c) Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

8. gr.

Ávaxta skal Minningarsjóð Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur sem tryggilegast og arðvænlegast.

9. gr.

Stjórn Minningarsjóðs Jóhönnu Erasmusdóttur og Svanhvítar Erasmusdóttur annast styrkveitingar úr sjóðnum

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans til endurhæfingar mænuskaddaðra.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hefur samþykkt hana.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. september 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.